

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3117 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/3117 fellir úr gildi, frá 31. desember 2025, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum frá 31. desember 2025.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzs (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1780):

„14azzt. **32024 R 3117**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3117 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 (Stjtið. ESB L, 2024/3117, 27.12.2024).“
2. Texti liðar 14ab (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451) fellur brott frá 31. desember 2025.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3117, 27.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/3117/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/3117, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.